



Skipulags-, byggingar-, og veitunefnd (SBV) Mánudaginn 12. mars 2007

Fundur er haldinn í skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduósbæjar mánudaginn 12. mars, 2007 kl. 17:15 að Hnjúkabyggð 33, dómsal.

Þorgils Magnússon formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Ragnar Ingi Tómasson ritaði fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

- 1. Erindi frá Zophoníasi Ara Lárussyni**, sem fyrir hönd Kráks ehf. óskar eftir leyfi til að setja saman 30 m² einingahús á lóðinni við Húnabraut 4.
Fundurinn samþykkir að taka jafnframt fyrir lið 10 í fundarboði en þar er erindi undirritað af Zophoníasi Ara Lárussyni fyrir hönd Kráks ehf. um byggingarleyfi fyrir sjö frístundahús. Afgreiðsla var frestað á síðasta fundi.
Afgreiðsla liðar 1 og 10 er svohljóðandi: Samsetningarleyfi er veitt með þeim fyrirvara að fram verði lagðar teikningar sem uppfylla ákvæði byggingareglugerðar no. 441/1998. Þá þarf að uppfylla neðanskráð atriði:
 - Fyrir minni húsin vantar teikningu sem sýnir snið og deili í burðarviki, sem og timburgrind í langhlið húsanna.
 - Fyrir stærri húsin þarf að breyta teikningum af þakinu, núverandi teikningar sýna langbita í þakinu, ekki mænisbita úr límtré og sperrur eins og húsin eru byggð.
 - Skoða þarf neglingu á samskeytum útveggjaeininga og gólfeininga, athugasemd gerð við að neglingin nái ekki upp á útveggjagrindina sjálfa, fara þarf yfir það með hönnuði hvernig festingin skuli útfærð.
 - Á teikningunum þarf einnig að sýna hvernig tengingar milli dregara undir húsunum og gólfeininganna skuli vera.
 - Þá skal skila vottun samkvæmt 121 gr. byggingareglugerðar og áfangaúttektir fari fram samkvæmt 48. gr. byggingareglugerðar no. 441/1998.
- 2. Erindi frá Birni Þór Kristjánssyni 030563-5149 og Lárusi B. Jónssyni 120353-5009**, þar sem þeir í nafni óstofnaðs hlutafélags óska eftir hesthúslóðum nr. 14, 16, og 18 í Arnargerði til að reisa þar hesthús.
Afgreiðsla: Skipulags-, byggingar og veitunefnd gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu bæjarráðs sem búið er að úthluta lóðunum. Nefndin bendir þó á að um þrjú aðskilin hús er að ræða samkvæmt deiliskipulagi.
- 3. Erindi frá Ragnari Inga Tómassyni f.h. Grunnskóla Blönduóss**, sem sækir um leyfi til að loka einu hurðaropi á efri hæð Grunnskólans samkvæmt meðfylgjandi teikningu.
Afgreiðsla: Erindið er samþykkt.
- 4. Erindi frá Hafþóri Erni Sigurðssyni sem fyrir hönd Stíganda ehf.** sækir um leyfi til að setja saman dæluhús fyrir Rarik á lóð Stíganda ehf. samkvæmt meðfylgjandi teikningu dags. 14-15. febrúar 2007.
Afgreiðsla: Erindið er samþykkt. Þorgils Magnússon situr hjá við afgreiðslu vegna skyldleika.



- 5. Erindi frá Agli P. Steingrímssyni**, sem óskar eftir því að svæði við Hólabraut (leikskólann) verði deiliskipulagt og úthlutað til bygginga.
Afgreiðsla: Deiliskipulag liggur ekki fyrir. Nefndin leggur áherslu á að skipulagsvinna komist í gang á árinu 2007 og lóðir verði byggingarhæfar á árinu 2008.
- 6. Ragnar Ingi Tómasson fyrir hönd Þjónustumiðstöðvar**, sækir um leyfi til að staðsetja 20 feta geymslugám á lóð Blönduósþéjar við Efstubraut.
Afgreiðsla: Erindið samþykkt og stöðuleyfi veitt til eins árs.
- 7. Byggingarleyfisumsókn: Zophonías Ari Lárusson fyrir hönd Kráks ehf.**, sækir um byggingarleyfi fyrir þarhúsi að Smárabraut 10 – 12.
Afgreiðsla: Erindið er samþykkt
- 8. Erindi frá Kristófer Kristjánssyni og Elínu Ósk Gísladóttur.** Þau óska eftir lóð undir einbýlishús fram á brúninni norðan við leikskólann.
Afgreiðsla: Vísað er til afgreiðslu liðar 5.
- 9. Erindi frá Guðmundi R. Sigurðssyni Kemp og Gróu Maríu Einarsdóttur**, þar sem þau endurnýja beiðni sína um leyfi til stækkunar og breytinga á húsinu við Árabraut 3.
Afgreiðsla: Erindið er samþykkt.
- 10. Erindi afgreitt með lið 1.**
- 11. Umræða um breytingar á deiliskipulagi í Arnargerði.**
Afgreiðsla: Nefndin hvetur til þess að fram fari könnun á þörf fyrir lóðir og önnur undirbúningsvinna. Að því loknu verði svæðið skipulagt í samræmi við þarfir.
- 12. Deiliskipulag í Brautarhvammi.**
Afgreiðsla: Deiliskipulagstillagan er samþykkt og skipulags-, byggingar- og veitunefnd beinir því til bæjarstjórnar að veita heimild til að auglýsa skipulagið.
- 13. Erindi frá Joel ehf.:** Jóhann Evensen fyrir hönd fyrirtækisins óskar eftir breytingum á nýtingu hússins að Mýrabraut 17.
Afgreiðsla: Svæðið er skipulagt sem íbúðabyggð í aðalskipulagi. Skipulags-, byggingar- og veitunefnd tekur jákvætt í erindið en leggja þarf fram aðaluppdrætti áður en leyfi er veitt.
- 14. Erindi frá Auðunni Steini Sigurðssyni**, vegna breytinga á eldhúsi að Hólabraut 15.
Afgreiðsla: Erindið er samþykkt.
- 15. Erindi: Björn Þór Kristjánsson** sækir um leyfi til að breyta hluta hússins að Norðurlandsvegi 4 í veitingastað.
Afgreiðsla: Nefndin tekur jákvætt í erindið en óskar eftir aðaluppdráttum og að fram fari grenndarkynning samkvæmt grein 12.5 í byggingareglugerð.



16. Erindi: Lilja Magnúsdóttir og Júlíus Líndal óska eftir leyfi fyrir viðbyggingu að Brekkubyggð 18.

Afgreiðsla: Erindið er samþykkt.

17. Erindi frá Ágústi Þór Bragsyni þar sem hann óskar eftir stöðuleyfi fyrir 20 feta gám í 2-3 mánuði við hús sitt að Brekkubyggð 15.

Afgreiðsla: Erindið er samþykkt. Ágúst Þór situr hjá við afgreiðslu.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:15

Andrés I. Leifsson (sign.)
Sigurður Jóhannesson (sign.)
Þorgils Magnússon (sign.)
Ágúst Þór Bragason (sign.)

Ragnar Ingi Tómasson (sign.)